

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 11. janúar 2017 - R18010087

	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17010045	Boð. dags. 18. desember 2017, á ráðstefnu um norrænt samstarf í menningarmálum í Malmö 8.-9. maí.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010131	Styrkbeiðni, ódags., um heildstætt nám í hlutverki - Þróunarverkefni.	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R17010051	Áskorun frá íbúum Staðarhverfis vegna breytinga á strætóleiðum, dags. 18. desember 2017.	Sent stjórn Strætó bs. til meðferðar.
R17120168	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórnar (kosningaaldur)	Sent skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar.
R17120168	Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignasjóður)	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R17090252	Mótmæli íbúa, dags. 21. desember 2017, við fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar
R18010060	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga um stöðu landsbyggða í Evrópu, dags. 3. janúar 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R15120057	Bréf mannvirkjastofnunar, dags. 4. janúar 2017, um að gildistími brunavarnaráætlunar sé útrunninn.	Sent borgarfulltrúum og umhverfis- og skipulagssviði til kynningar.
R18010144	Erindi Landbúnaðarháskóla Íslands, dags. 9. janúar 2017, þar sem leitað er eftir samstarfi við sveitarfélög um vinnslu metans úr lífrænum úrgangi.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R13010184	Erindi slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 18. desember 2017, þar sem óskað er eftir staðfestingu á gjaldskrá liðsins.	Send fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R16050188	Ályktun kirkjuþings um víkurgarð við Aðalstræti.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17120166	Erindi hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur, dags. 6. desember 2017, varðandi beiðni um lóð fyrir starfsemi félagsins.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]

Sent: 18. desember 2017 11:52

Subject: FW: Invitation to the Nordic Cultural Political Summit 2018

Ágæti viðtakandi

Svíar, sem fara með formennsku í norrænu ráðherranefndinni, bjóða til ráðstefnu um norrænt samstarf í menningarmálum í Malmö 8.-9. maí nk. Lögð er áhersla á þátttöku sveitarstjórnarstigsins í ráðstefnunni.

Vinsamlegast framsendið boðið til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og þeirra sem fara með menningarmál sveitarfélagsins.

Ráðstefnan býður upp á tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á norrænu menningarsamstarfi til að láta til sín heyra og hafa áhrif.

Jónína Erna Arnardóttir fulltrúi í sveitarstjórn Borgarbyggðar og stjórnarmaður í sambandinu mun væntanlega taka þátt í ráðstefnunni fyrir hönd sambandsins.

mgkv

Anna Guðrún

cid:652535009@040

12007-1032

Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

-

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Heiti verkefnis

Heildstætt nám í hlutverki – Þróunarverkefni

Lýsing á verkefni

Við erum grunnskólakennarar í 3. bekk í Árbæjarskóla. Í bekknum eru 41 nemandi. Í febrúar n.k. hygðumst við setja af stað stórt verkefni þar sem unnið verður með hafið. Í verkefninu verður notast við kennsluaðferðina *Sérfræðingskápan* þar sem nám nemenda fer fram í hlutverki. Munu nemendur taka að sér hlutverk sérfræðinga sem rannsaka hafið, lífríki þess og verndun. Við kennararnir höfum gífurlegan áhuga á eflingu leiklistar í kennslu, þróun kennsluhátta og notkun ímyndunarleiks í skólastarfi. Rannsóknir á kennsluháttum í íslensku skólastarfi benda til að ímyndunarleikur sé lítið notaður í kennslu hér á landi (Birna Sigurjónsdóttir, 2015; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014). Þetta teljum við að mætti bæta þar sem fjölmargir fræðimenn eru á því máli að leikur sé náttúruleg leið barna til náms (Bettelheim, 1972; Dewey, 2000; Garvey, 1977; Pratt, 1948; Shaffer & Kipp, 2013; Vygotsky, 1978; Wong & Csikszentmihalyi, 1991). Sökum þessa þykir okkur mikilvægt að notast við kennsluaðferðir hvar ímyndunarleikur er í fyrirrúmi.

Ein þeirra leiða sem við teljum að sé hvað best til þess fallin að auka vægi ímyndunarleiks í námi kallast *Sérfræðingskápan*. *Sérfræðingskápan* er ein af kennsluaðferðum leiklistar og gengur út á að nám nemenda fari fram í hlutverki innan ímyndunarheims. Við höfum áður notað kennsluaðferðina í kennslu okkar og var hún rannsökuð í meistaraverkefni Hákonar Sæberg Björnssonar í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands. Tilgangurinn með framkvæmd rannsóknarinnar var að skoða hvernig til tækist að nota kennsluaðferðina í skólastarfi á Íslandi og kanna áhrif hennar á nám nemenda og starfshætti kennara en erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif á nám nemenda og upplifun þeirra af skólastarfi (Aitken, 2013; Andersen, 2004; Baldwin & John, 2012; Kahnemann, 2012; Taylor, 2016; Walshaw, 2009). Niðurstöður rannsóknar Hákonar Sæberg (2017) bentu til að sérfræðingskápan hafi jákvæð áhrif á nám nemenda og starf kennara. Niðurstöðurnar bentu til að notkun sérfræðingskápunnar skapi kennurum grundvöll fyrir mikilli samþættingu náms og öflugri teymiskennslu, stuðli að markvissri ígrundun þeirra á eigin starfi og efli trú þeirra á eigin getu. Skipulagning náms með notkun *sérfræðingskápunnar* gefur nemendum tækifæri til að læra í gegnum leik sem er náttúruleg leið barna til náms og þroska. Í niðurstöðunum mátti greina að nemendur sem læra í hlutverki innan ímyndunarheims upplifa skemmtun í námi, fá fjölmörg tækifæri til að komast í flæði, trú þeirra á eigin getu eykst sem og samvinnunám þeirra á milli. Niðurstöðurnar gefa tilefni til frekari rannsókna/athugana á notkun sérfræðingskápunnar í íslensku skólastarfi og aukinnar þekkingaröflunar meðal íslenskra kennara hér á aðferðinni.

Líkt og áður sagði stefnum við á að hefja nýtt verkefni með notkun aðferðarinnar nk. febrúar. Í þetta skiptið höfum við áhuga á því að gera verkefnið stærra í sniðum en áður. Okkur langar m.a. að tengja vinnu okkar stofnunar/fyrirtækjum í borginni s.s. Hafrannsóknarstofnun, Hvalasafninu & Veitum. Skipulagning þessa verkefnis mun hafa nokkurn kostnað í för með sér, ekki síst í formi ferðakostnaðar. Því leitum við til Borgarráðs varðandi styrkveitingu til verkefnisins. Sú hugmynd að útvíkka verkefnið á þennan hátt kviknaði í kjölfar þess mikla náms- og félagslega árangurs sem við töldum okkur merkja hjá nemendum okkar eftir síðasta verkefni þar sem áður nefndri kennsluaðferð var beitt. Því verkefni lauk í lok október og vorum við því orðin of sein til að sækja um almennan styrk hjá skóla- og frístundasviði. Eftir að hafa haft samband við skrifstofu borgarstjórnar var okkur bent á að hafa samband við Borgarráð varðandi styrkveitingu til verkefnisins og vonum við að umsókn okkar verði tekin til skoðunar.

Margrét Sæberg, Helga Guðjónsdóttir og Hákon Sæberg.

Fjárhagsáætlun

Tímabil

Febrúar - mars 2018

Kostnaðarliðir

1. Rútuferðir - 4x yfir tímabilið

Áætlaður kostnaður: 150.000

2. Aðgangur á söfn

Áætlaður kostnaður: 100.000

3. Efni og áhöld

Áætlaður kostnaður: 50.000

4. Annar tilfallandi kostnaður, lokahóf/foreldrasýning o.fl.

Áætlaður kostnaður: 25.000 kr.

Áætlaður heildarkostnaður: 325.000

Heimildir

- Aitken, V. (2013). Dorothy Heathcote's Mantle of the Expert Approach to Teaching and Learning: A Brief Introduction. Í Fraser, D., Aitken, V. & Whyte, B (Ritstjórar.), *Connecting curriculum, linking learning*. Wellington: NZCER Press.
- Andersen, C. (2004). Learning in "As-If" Worlds: Cognition in Drama in Education. *Theory into Practice*, 43(4), 281-286. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/3701536>
- Baldwin, P. & John, R. (2012). *Inspiring Writing Through Drama*. London: Bloomsbury.
- Bettelheim, B. (1972). Play and Education. *The School Review*, 81(1), 1-13. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/1084035>
- Birna Sigurjónsdóttir. (2015). Kennsluhættir í grunnskólum Reykjavíkur - Niðurstöður ytra mats. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/001.pdf>
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefin út 1938).
- Garvey, C. (1977). *Play*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Hákon Sæberg Björnsson. (2017). „Dagurinn líður ótrúlega hratt og ég er alltaf komin strax heim“ : starfendarannsókn á notkun kennsluaðferðarinnar "sérfræðingskápan" þar sem nám nemenda fer fram í hlutverki. Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Óbirt M.Ed. ritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/28511>
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kennsluhættir. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri.), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kahnemann, D. (2012). Thinking fast and slow. London: Penguin Books Pratt, C. (1948). *I learn from children: An adventure in progressive education*. New York, NY: Simon & Schuster.
- Shaffer, D. R. & Kipp, K. (2013). *Developmental psychology: Childhood and adolescence*. Belmont, CA: Wadsworth Cengage Learning.
- Taylor, T. (2016). *A Beginner's Guide to Mantle of the Expert: A Transformative Approach to Education*. Norwich: Singular Publishing
- Vygotsky, L. (1978). *Mind in society*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Walshaw, J. (2009). *Suffolk Mantle of the Expert Forum Project Report*. Sótt þann 14. ágúst 2017 af <http://www.mantleoftheexpert.com/wp-content/uploads/2010/01/Final-Report-09.doc>.
- Wong, M. & Csikszentmihalyi, M. (1991). Motivation and academic achievement: The effects of personality traits and the quality of experience. *Journal of Personality* 59, 539–574. doi:10.1111/j.1467-6494.1991.tb00259.x

From: johannag@internet.is [mailto:johannag@internet.is]

Sent: 18. desember 2017 14:20

To: johannag@internet.is

Afrit: Borgarstjórinn í Reykjavík; Áslaug María Friðriksdóttir; Elsa Hrafnhildur Yeoman; Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir; Halldór Auðar Svansson; Halldór Halldórsson; Heiða Björg Hilmisdóttir; Hjálmar Sveinsson; Kjartan Magnússon; Kristín Soffía Jónsdóttir; Líf Magneudóttir; Marta Guðjónsdóttir; Sigurður Björn Blöndal; Skúli Þór Helgason; Sveinbjörg B Sveinbjörnsdóttir; Björn Gíslason; Börkur Gunnarsson; Dóra Magnúsdóttir; Elín Oddný Sigurðardóttir; Eva Baldursdóttir; Eva Einarsdóttir; Gréta Björg Egilsdóttir; disa@helo.is; Ilmur Kristjánsdóttir; Jóna Björg Sætran; lara.oskarsdottir@reykjavik.is; Magnús Már Guðmundsson; Sabine Leskopf; benediktsson.stefan@gmail.com; Tomasz Pawel Chrapek; Þórgnýr Thoroddsen; siggi@skodun.is; gislirafng@gmail.com; gudbrandurgudm@internet.is; elisabetgisla@simnet.is; dofri@metanorka.is; ragnar.karl.joh@gmail.com; olafurkr@centrum.is; Björn Jón Bragason; gunnar.valur.gislason@gardabaer.is; bryndis@mos.is; sverrir.oskars@kopavogur.is; gudlaugk@hafnarfjordur.is; sigrunj@seltjarnarnes.is; gudmundurhh@straeto.is; reykjavik@reykjavik.is
Subject: Re: Breyting á strætóleiðum í Staðahverfi

Kæri, borgarfulltrúi, stjórnarmaður í Strætó BS og Hverfisráð Grafarvogs.

Meðfylgjandi er tengill á áskorun frá íbúum Staðahverfis um að strætó aki áfram á mínútna fresti um Staðahverfi.

https://www.change.org/p/borgarstj%C3%B3rn-og-str%C3%A6t%C3%B3-BS-m%C3%B3tm%C3%A6lum-breytingum-%C3%A1-str%C3%A6t%C3%B3lei%C3%B0-6?recruiter=779491405&utm_source=share_petition&utm_medium=copylink&utm_campaign=share_petition&utm_term=share_for_starters_page

Með von um breytingar,

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
íbúi í Staðahverfi

21. desember 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 40. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 19. janúar á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/148/s/0040.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

22. desember 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignasjóður), 11. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 12. janúar á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0011.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html


Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

Borgarráð
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
Borgartúni 10 – 12
105 Reykjavík



Reykjavík 21. desember 2017.

Varðar mótmæli íbúa við fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, 108 Reykjavík.

Með frétt í Morgunblaðinu 9. desember síðastliðinn var greint frá því að borgarráð hefði samþykkt samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðum við Furugerði 23 sem einnig liggja að Espigerði, Reykjavík. Af þessu tilefni var myndaður aðgerðarhópur íbúa á svæðinu og var hópnun falið að kanna hver væru áform borgaryfirvalda, afla gagna og gæta hagsmuna íbúa ef þess gerðist þörf.

Íbúar hafa nú fengið í hendur skipulagskynningu Arkís arkitekta ehf. vegna svæðisins frá 20. september 2017 og álit skipulagsfulltrúa Reykjavíkur frá 30. október 2017 við fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. um uppbyggingu á lóðinni. Íbúar mótmæla harðlega þeim byggingaframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á lóðunum samkvæmt þessum gögnum og boðuðum breytingum á deiliskipulagi í þá veru.

Fyrirhugaðar byggingar loka algerlega fyrir útsýni, takmarka verulega birtu og auka mjög skuggavarp til þeirra húsa og garða sem næst eru svo sem Furugerði 15 – 17, Furugerði 19 – 21, Espigerði 18 – 20, Espigerði 14 – 16 og hugsanlega fleiri húsa. Gert er ráð fyrir að sá hluti hinna nýju bygginga sem snúa á að framangreindum húsum sé að hluta til á þremur hæðum. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umtalsverð rýrnum verður á lífsgæðum íbúa þessara húsa þar sem dagsbirta og sólarljós hverfa eða minnka mikið. Einnig mun fasteignaverð rýrna enda eru dimmar íbúðir með dimmum görðum, sem mjög hefur verið þrengt að, ekki góð sölubætur. Íbúar áskilja sér allan rétt til bóta í þessu sambandi og benda á 51. gr. og 51. gr. a. skipulagslaga nr. 123/2010 því til stuðnings.

Hér skipta einnig máli réttmætar væntingar íbúa til nærumhverfis síns en sjónarmið þar að lútandi eru viðurkennd í skipulagsrétti. Má í þessu sambandi vísa til úrskurðar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í máli nr. 98/2008 frá 18. nóvember 2010 þar sem kemur fram að borgarar verði að geta treyst því að ekki sé ráðist í breytingar á deiliskipulagi nema lögmætar ástæður búi að baki. Slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á grenndarhagsmunum þeirra íbúa er búa næst því svæði er breytingin tekur til.

Bæði Furugerði og Espigerði eru lokaðar íbúðargötur. Furugerði er afar þröng gata, raunar svo þröng að aðeins er rými fyrir örmjóa gangstétt öðrum megin götunnar, hinum megin eru bílastæði. Íbúar götunnar eru margir, bílastæði fá og þar er viðvarandi bílastæðaskortur. Merkt bílastæði eru undantekningarlaust upptekin (enda í eigu tiltekinna íbúða) og bílum er að auki jafnan lagt þétt meðfram hinni mjóu gangstétt. Af þessum ástæðum er aðgengi erfitt. Sökum

hinna miklu þrengsla í götunni er slysaætta töluverð enda sjá hvorki gangandi, hjólandi né akandi vegfarendur hvort og þá hvar önnur umferð er í götunni. Minnt skal á að meðal þeirra sem erindi eiga um götuna eru skólabörn á leið í skóla.

Jafnvel þó að gert sé ráð fyrir einu bílastæði á íbúð í bílajakjallara sem byggja á undir hinum nýju fjölbýlishúsum er ekki óalgengt að fleiri en einn bíll tilheyri hverri fjölskyldu. Þá fylgir vitaskuld umferð annarra en íbúa, svo sem gesta. Eykur þetta líkurnar á að óviðkomandi leggi í bílastæði sem eru eign íbúa í núverandi húsum. Þá má benda á að Furugerði 1, sem er 8 hæða fjölbýlishús í útleigu frá Félagsbústöðum fyrir aldraða, fylgja aðeins örfá bílastæði. Gestir sem þangað koma leggja því iðulega í götunni og auka enn þrengslin.

Að mati íbúa eru engar forsendur til að auka stórlega umferð um göturnar svo sem óhjákvæmilega leiðir af fyrirbyggjandi tillögu um byggingu 35 íbúða. Slíkt myndi hafa í för með sér aukna slysaættu, enn aukin þrengsli, gríðarlegan bílastæðaskort, aukinn hávaða og enn aukna mengun. Í þessu sambandi verður að geta þess að sú umferðargata sem helst er farin til að komast að Espigerði og Furugerði er Grensásvegur. Grensásvegur hefur nýlega verið þrengdur umtalsvert með þeim afleiðingum að þar myndast umferðarteppur á álagstímum sem aftur hefur þau áhrif að mengun á svæðinu er meiri en áður.

Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að á lóðunum sé möguleiki til lítilsháttar þéttingar á íbúðarbyggð (4 – 6 íbúðir) en við þær aðstæður sem uppi eru verður að telja að sá fjöldi íbúða sé algert hámark. Ekki liggur fyrir hvaða lögmætu ástæður eða breyttu forsendur búa að baki þeirri miklu uppbyggingu sem áformuð er á þeim lóðum sem hér um ræðir en meðal annars er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall verði aukið um 83%. Að mati íbúa Espigerðis og Furugerðis ganga allar framangreindar röksemdir framur samþykkt borgarráðs frá 2014 um þéttingu byggðar.

Loks telja íbúar að fyrirbyggjandi tillögur séu í andstöðu við sterkan byggingarstíl hverfisins bæði að því er varðar útlit og efni og því um að ræða skipulagsslys í því samhengi.

Með vísan til þess er greinir hér að framan krefjast íbúar þess að fallið verði frá fyrirbyggjandi áformum um framkvæmdir á nefndum lóðum og breytingum á deiliskipulagi. Verði af framkvæmdunum er ljóst að það verður í trássi við vilja íbúa og í algerri andstöðu við íbúalýðræði.

Íbúar munu leita allra tiltækra úrræða til að sýna andstöðu sína við fyrirhugaðar framkvæmdir. Sérstaklega er bent á heimild í 5. gr. laga um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða og/eða frestun réttaráhrifa.

Þess er krafist að íbúum verði haldið bréflega upplýstum um málsmeðferð Reykjavíkurborgar í málinu, þ.m.t. allar ákvarðanir sem teknar verða.

Tengiliður íbúa við borgaryfirvöld er Lára Áslaug Sverrisdóttir, Furugerði 10, 108 Reykjavík.

Óskað er eftirtalinna gagna:

1. Samþykkt borgarráðs.
2. Samkomulag Reykjavíkurborgar og lóðarhafa.

Íbúar við Furugerði og Espigerði
(sjá meðfylgjandi undirskriftarlista)

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

[illegible]

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

[illegible]

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

[illegible]

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.

[illegible]

Við undirritaðir íbúar við Furugerði og Espigerði mótmælum fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, í samræmi við mótmæli sem sett eru fram í bréfi til Borgarráðs og Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur sem dagsett er 20. desember 2017.


[illegible]

Bjarni Þóroddsson

Frá: Helga Björk Laxdal
Sent: 3. janúar 2018 15:30
Til: Borgarráðsgögn
Efni: Fwd: Staða landsbyggða í Evrópu - þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði

Á dagskrá

Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar
helga.laxdal@reykjavik.is



Begin forwarded message:

From: Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>
Date: 3 January 2018 at 14:56:10 GMT
To: Undisclosed recipients;
Subject: Staða landsbyggða í Evrópu - þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti

Um leið og ég óska þér gleðilegs ár fer ég þess að leit að neðangreint verði kynnt fyrir fyrir kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins

mgkv
Anna Guðrún

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins samþykkti á haustþingi sínu 2017 skýrslu um stöðu landsbyggða í Evrópu undir yfirskriftinni "A better future for Europe's rural areas". Í skýrslunni er fjallað um tækifæri og áskoranir dreifbýlla svæða í Evrópu og hvernig hægt sé að takast á við þau.

Þetta er áhugaverð skýrsla fyrir alla, sem hafa áhuga á íslenskum byggðamálum, þar sem hún gefur aðgengilega yfirsýn.

Sveitarstjórnarþingið leggur í skýrslunni áherslu á að það sem einkennir dreifbýl svæði í Evrópu er félagslegur, efnahagslegur og umhverfislegur fjölbreytileiki. Sum dreifbýl svæði eru þau efnuðustu og skilvirkustu í viðkomandi löndum meðan önnur kljást við íbúafłotta, hækkandi meðalaldur, fátækt íbúa og yfirgefin lönd og fasteignir. Þessi munur hafi orðið enn meira áberandi eftir efnahagshrunið 2008. Mörg dreifbýl svæði sem liggja nálægt borgum hafi orðið sterkari og lífvænlegri meðan svæði sem liggja lengra í burtu hafi ekki náð sér á strik. Langtímaáhrif hnattvæðingar, upplýsingartækninnar og loftslagsbreytinga stuðli að enn meiri mun á milli svæða. Sum dreifbýl svæði séu farin að njóta ávinnings af "new rural economy" sem felur í sér að þau eru ekki eins háð starfsemi sem tengist landnotkun og byggja á fjölbreyttari efnahagsstarfsemi, þ. á m. framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem nýtur góðs af framþróun upplýsingatækni og sveigjanlegra vinnufyrirkomulagi. Til að takast á við þessa stöðu þarf nýja stefnumótunarnálgun fyrir dreifbýl svæði sem byggir á áskorunum og auðlindum hvers svæðis fyrir sig. Auk þess sé það mikilvæg forsenda fyrir árangri að auka tengsl og samstarf á milli þéttbýlla og dreifbýlla svæða.

Í ályktun þingsins, sem er hluti skýrslunnar, eru sveitarstjórnir á dreifbýlum svæðum hvattar til að vekja athygli almennings og þeirra sem bera ábyrgð á opinberri stefnumótun á fjölbreytileika dreifbýlla svæða; beina sjónum að auðlindum þeirra og möguleikum fremur en vandamálum. Þingið

hvetur sveitarstjórnir til að móta staðbundnar byggðastefnur í samvinnu við alla þá sem geta lagt hönd á plóg til framþróunar, til að móta lágmarksþjónustustaðla til að tryggja samfellu í nauðsynlegri grunnþjónustu, til að bæta menntun og þjálfun, og til að styrkja frumkvöðla og nýsköpun og renna þannig fjölbreyttari stoðum undir efnahag svæðis.


Sveitarstjórnarþingið beinir því til að ráðherranefndar Evrópuráðsins að hvetja ríkisstjórnir aðildarríkja ráðsins til að þróa nýja tegund af byggðastefnu sem taki á sérstöðu hvers svæðis fyrir sig og byggji á þverfaglegri svæðisbundinni nálgun, og til að vinna að auknu jafnræði og velferð á þessum svæðum.

Í greinargerð sem fylgir ályktun og tilmælum, er kafli með tölulegum upplýsingum um þróun landsbyggða í Evrópu, farið er yfir hvernig O.E.C.D. og ESB hafa unnið að byggðamálum undanfarna tvo áratugi. Bæði samtökin hafi horfið frá "top down" nálgun og byggja nú á stöðunni innan svæða og að því að virkja aðila og auðlindir hvers svæðis fyrir sig. Í sérstökum kafla er farið yfir megin áskoranir og tækifæri fyrir dreifbýl svæði í Evrópu og fyrirmyndarverkefni kynnt sem hafa stuðlað að félagslegri sjálfbærni og aðlögun svæða, skapað atvinnutækifæri, byggt upp þekkingu og innviði en það er á þessum sviðum sem helstu áskoranir dreifbýlla svæða liggja. Í lokin eru ábendingar um hvernig sé hægt að takast á við þau úrlausnarefni sem dreifbýl svæði standa frammi fyrir.

Á þessum tengli eru nánari upplýsingar um umfjöllun Sveitarstjórnarþingsins um málið og skýrslan í heild sinni

<https://www.coe.int/en/web/congress/-/overcoming-the-challenges-specific-to-rural-areas>

mgkv
Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9 mgr. 47 gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okk að þau hafi ranglega borist þér.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Reykjavíkurborg
Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Málsnr.: **215120057**
Skjalasafn Ráðhúss
03. jan. 2018
Bréfalykill: **722**

Reykjavík 4. janúar 2018
Tilvísun: 201801-0105

Efni: Gildistími brunavarnaáætlunar er útrunninn Reykjavík

Mannvirkjastofnun vill vekja athygli yðar á því að brunavarnaáætlun sveitarfélagsins er fallin úr gildi.

Í 13. gr. laga nr. 75/2000 segir:

„Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Á heimasíðu Mannvirkjastofnunar eru leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar. Mannvirkjastofnun gerir kröfu um að brunavarnaáætlun verði endurskoðuð og send stofnuninni innan 3 mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Það skal tekið fram að Slökkvilið höfuðborgarsvæðis er komið mjög langt með það að ljúka við gerða brunavarnaáætlunar.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar

Pétur Valdimarsson

Afrittil: SHS

From: Auður Magnúsdóttir [mailto:deildarforseti@lbhi.is]
Sent: 9. janúar 2018 13:52
To: Jón Guðmundsson (Líffr.)
Subject: vinnsla á lífrænum úrgangi til orku- og næringarefnavinnslu

Sæl,

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur skoðað á síðustu árum möguleikana á því að fullnýta lífrænan úrgang sem til fellur til dæmis við landbúnað, með því að vinna orku úr úrganginum með þeim hætti að jafnframt sé hringrás næringarefna tryggð. Við höfum í hyggju að setja upp tilraunaverkefni í samvinnu við eitt sveitarfélag á landsbyggðinni þar sem metan væri unnið úr lífrænum úrgangi á svæðinu. Hratið úr þeirri vinnslu má síðan nýta áfram sem áburð. Nýting metansins gæti verið margvísleg, háð aðstæðum í hverju sveitafélagi en sem dæmi má nefna hitun sundlauga á köldum svæðum, keyrslu varaafstöðva, að sjá smáíðnaði á svæðinu fyrir orku eða sem eldsneyti á einkabíla.

Um væri að ræða samfélagslegt verkefni sem miðar að því að gera sveitafélagið umhverfisvænna og sjálfbærara um orkuöflun auk þess sem störf tengd metanvinnslunni skapast á svæðinu.

Við viljum því kanna með þessu bréfi hvort fulltrúar ykkar sjái sér fært að taka á móti okkur sem að verkefninu standa á stuttum fundi til þess að ræða hvort ykkar sveitafélag hafi áhuga á og henti fyrir þetta fyrsta tilraunaverkefni.

Í viðhengi er stutt samantekt á verkefnishugmyndinni.

kær kveðja,

Auður Magnúsdóttir, deildarforseti Auðlinda- og umhverfisdeildar LbhÍ
Jón Guðmundsson, sérfræðingur við Auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ

Viðtakandi

Heimilisfang

Reykjavík

10. janúar 2018

Efni: Möguleikar í staðbundinni vinnslu metans og nýting orkunnar í héraði

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur um nokkurt skeið skoðað möguleika á vinnslu metans úr hráefnum í landbúnaði. Þau verkefni sem unnin hafa verið hafa flest gengið út á að skoða möguleg hráefni og fýsileika vinnslu á einstökum býlum. Hráefni í landbúnaði eru fyrst og fremst búfjáráburður en að auki er hægt að nýta afgangshey og ýmsan lífrænan úrgang annann sem til fellur. Vandí metan vinnslu á einstökum býlum er m.a. ójöfn notkun og framleiðsla og auk þess sem samkeppni við aðra orkugjafa, heittvatn og rafmagn, gerir það að verkum að fýsilegast er að lokaafurðin sé eldsneyti á vélar. Hreinsun hauggass upp í fullbúið söluhæft eldsneyti kallar á ákveðnar þekkingar og fjárfestingar, sem ekki er endilega skynsamlegt að fara út í á einstökum býlum og óvíst að þau geti staðið undir.

Önnur hugmynd sem skoðuð hefur verið af okkur og öðrum er miðlæg vinnsla og mykju sé þá ekið á vinnslustað og gastæmd mykja sótt og nýtt sem áburður. Þetta er sú lausn sem er í gangi á mörgum þéttbýlum landbúnaðarsvæðum í Evrópu og gengur ágætlega upp. Hér á landi eru tiltölulega fá svæði sem eru nægjanlega þéttbýl til að þetta sé raunhæft. Akstur á mykju er orkufrekur og vegalengdir þurfa ekki að vera miklar til að orkunotkunin verið meiri en sú orka sem hægt er að fá úr hráefninu.

Af þessum og fleiri ástæðum þá höfum við verið að þróa hugmynd að annarri lausn varðandi það að nýta þá orku sem er til staðar, ónotuð, í landbúnaði og jafnframt að tengja lausnina við aðrar greinar samfélagsins. Við höfum m.a. í þessu samhengi efnt til samráðs við nokkra aðila, sem í gegnum tíðina hafa tengst verkefnum varðandi metanvinnslu.

Hugmyndin sem við erum að vinna með byggir á samfélaglegri nálgun viðfangsefnisins. Í grófum dráttum þá er hugmyndin sú að leggja gaslagnir um afmörkuð svæði. Annars vegar lagnir sem flytja óhreinsað gas og hinsvegar lagnir fyrir hreinsað gas. Með þessum hætti er hægt að skilja að gerjunarhluta vinnslunnar og hreinsun á metangasi yfir í eldsneyti á vélar.

Aðilar sem búa yfir hráefnum til metangerjunar s.s. landbúnaður, fiskvinnsla, matvælaíðnaður, móttökuaðilar fyrir lífrænan úrgang, skólphreinsistöðvar o.fl. geta þá komið sér upp gerjunartanki og skilað gasinu inn á lögnina. Hægt er að nýta óhreinsað gas sem eldsneyti á vélar sem skila bæði hita og rafmagni (CHP vélar). Einnig er hægt að brenna því beint. Gashreinsistöð mundi sömuleiðis sækja óhreinsað gas inn á viðkomandi lögn en skila í lögnina með hreinsuðu gasi.

Notendur á hreinsuðu metangasi geta síðan tengt sig inn á þá lögn og fengið afhent gas.

Önnur afurð metanvinnslu er það sem stundum er kallað hrat. Hrat er það efni sem stendur eftir þegar örverurnar, sem mynda gasið hafa brotið niður þann lífrænahluta, sem þær geta nýtt.

Í hratinu eru öll þau næringarefni sem voru í hráefnunum t.d. mykjunni, og gæði hratsins sem áburðar hafa því ekki rýrnað. Ef annað hráefni en búfjáráburður er nýtt til metanvinnslu, annað hvort sem íblöndun eða sér, þá varðveitast næringarefnin þar einnig og mögulegt að nýta hratid sem áburð. Með því að nýta hratid sem áburð er aukin hringrás næringarefna á staðnum og minni þörf á

tilbúnum áburði. Eins og staðan er víðast hvar í dag þá tapast t.d. mikið af fosfór út úr kerfinu með afurðum frá landbúnaði.

Þriðja afurð metanvinnslu er svo koltvísýringur en möguleikar eru á því að nýta hann í gróðurhúsaræktun.

Við sjáum fyrir okkur að ef ráðist verði í ofangreinda uppbyggingu á innviðum fyrir metanvinnslu þá fylgi því margvíslegur annar, fjárhagslegur, umhverfislegur og félagslegur ávinningur.

Með því að nýta annan lífrænan úrgang inn í vinnsluna skilar hún næringarefnum inn í landbúnaðarframleiðslu og sparar því kaup á tilbúnum áburði. Þessum lífræna úrgangi fylgir í dag oft einnig förgunarkostnaður, sem þurrkast að mestu út með þessu fyrirkomulagi. Í mörgum sveitarfélögum/svæðum þar sem afhending raforku er ótrygg eru keyrðar díselvélar til að mæta bilunum í kerfinu eða auknu álagi. Þessum vélum mætti skipta út eða jafnvel keyra á „óhreinsuðu“ metangasi og draga úr olíunotkun. Líkast þarf þó að hreinsa brennistein (S) úr óhreinsaða gasinu. Nýting á hreinsuðu gasi sem eldsneyti á faratæki dregur einnið úr notkun jarðefnaeldsneytis. Minni notkun á jarðefnaeldsneyti minnkar losun gróðurhúsalofttegunda.

Félagslegi ávinningurinn af slíkri uppbyggingu felst að okkar mati m.a. í því að þessi uppbygging skapar atvinnu við uppsetningu og rekstur, einnig tækifæri sem nýta orkuna svo og tækifæri til nýsköpunar á sviði metanvinnslu á þessu formi. Viðkomandi samfélag kemur til með að byggja að stærri hluta á heimaþenginni orku og færist einnig nær því að vera sjálfbært samfélag. Hið síðasttalda vekur einnig athygli á samfélaginu og getur dregið að sér ferðamenn og nýja íbúa.



Að þessu sögðu og ofanritaðri lauslegu samantekt á hugmyndinni þá langar okkur að óska eftir því við ykkur hvort við mættum koma og heimsækja ykkur og kynna hugmyndina betur og ræða við ykkur um möguleika á að koma henni í framkvæmd í ykkar sveitarfélagi eða afmarkaðra svæða innan þess.

Að verkefninu standa auk Landbúnaðarháskólans meðal annars Sorpa, Ísorka og Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins.

Virðingarfyllst

Jón Guðmundsson
Sérfræðingur/lektor

Auður Magnúsdóttir
deilarforseti umhverfis og
Auðlindadeildar LbhÍ



Reykjavík, 18. desember 2017

Borgarstjórn Reykjavíkur

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 167. stjórnarfundum þann 15. desember 2017 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.


Um tvenns konar taxta er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 13.435 kr./klst.

